



Fossvogur

Bæjarmörk Kópavogs og Reykjavíkur í Fossvogi liggja frá mynni Fossvogslækjar til norðvesturs og fylgja svo miðlinu vogsins til vesturs. Vogurinn er vel varinn gagnvart hafatt og því gætir þar sjaldan ágangs sjávar. Lokið hefur verið við gerð göngu- og hjólastiga sem og skólpdælustöðva beggja vegna Fossvogs og er vogurinn og umhverfi hans nú mikilvægur hluti útvistarsvæða á höfuðborgarsvæðinu.

Kópavogsbaer hefur verndað Fossvogsleiruna samkvæmt ákvæðum bæjarverndar en auð þess er svæðið á náttúru minjaskrá sem mikilvægur viðkomustaður fugla og ber að umgangast umhverfið þar af varfærni og virðingu.

Í botni Fossvogs eru bæði þangvinaxin hnnullungafjara og mjúk, finkornótt leira. Leiran er um sjö hektarar og hefur myndast við set a láfrænum leifum í sjónum og með framburði á bergmylsnu ú Fossvogslæk. Hnnullungafjaran og leiran koma alveg upp úr kafi á stórumfjölu. Í botni Fossvogs er mikilvæg matarkista margra fuglategunda.

Hnnullungafjaran

Hnnullungagrjótið í fjörunni skapar fast og stöðugt undirlag fyrir ýmsa brúnþörunga og annan gróður sem þar vex. Mest áberandi bangið eru klapparbang (*Fucus spiralis*) og einkum klóbang (*Ascophyllum nodosum*).

Klóbang er stórvaxið og vex oft í miklu magni í skjólgóðum fjörum, allt að 30 kg á fermetra. Það er mjög hægvaxta og verður langst meðal þörunga hér á landi, eða allt að 20 ára. Flestir aðrir þörungar eru einærir eða verða ekki nema nokkurra ára gamli. Vegna þess hve klóbang vex hægt er það lengi að ná sér ef það verður fyrir skakkaföllum.

Þegar bangið er á kafi rís það upp vegna lofthylkanna í banglönum og mynda þarabreiðurnar þá þéttan þaraskógo. Þaraskógorinn er afar mikilvægur sem heimkynni fyrir ýmsar lífverur, bæði plöntur og dýr, og veitir þeim skjól og næringi.

Gott dæmi um mikilvægi klóbangs sem skjól er sambýlið við

bangskegg (*Polysiphonia lanosa*) sem er rauðþörungur og minna þéttvaxnir þræðir hans á úfið skegg. Bangskeggið vex einungis fast á greinum klóbangs og hvergi annars staðar, hvorki á öðru bangi né á grjóti.

Í þanginu lifa ýmis smádýr sem sum hver eru mikilvæg sem fæða fyrir fugla. Einkum eru þetta ýmsar tegundir af smágerðum líndýrum og krabbadýrum. Af einstökum tegundum sem fuglar tina gjarnan upp í sig þegar lágsjávað er maf nefna klettadoppu (*Littorina saxatilis*), bangdoppu (*Littorina obtusata*), fjörudoppu (*Littorina littorea*), krækling (*Mytilus edulis*), bangfló (*Hyale nilssonii*), banglús (*Idotea granulosa*) og flekkulús (*Idotea emarginata*). Af staðri dýrum má nefna bogkrabba (*Carcinus maenensis*), hrognkelsaseiði (*Cyclopterus lumpus*) og sprettfisk (*Pholis gunnellus*).

Leiran

Jafnan ber litið á þangi og öðrum gróðri á leirum vegna mjúks og óstöðugs undirlags. Leirur eru því oft fremur lífvana að sjá við fyrstu sýn, ef frá eru skildir fuglar sem trúla um leiruna þegar hún kemur úr kafi. Þegar betur er að gáð og skyggnst ofan í botninn kemur hins vegar í ljós að leiran iðar af smádýrum sem lifa að miklu leyti allt sitt lif niðurgrafin í leðjubotnium.

Einkennisdýr Fossvogsleirunnar eins og flestra annarra leira eru burstaormar. Mest áberandi er sandmaðkur (*Arenicola marina*). Sandmaðkurinn er einn stærsti burstaormurinn hér á landi og verður allt að 15 sm langur. Ummerki eftir orminn sjást greinilega á leirunni sem litlar þústir, en það eru saurhraukar sem myndast þegar maðkurinn losar sig við úrgang. Maðkurinn er setæta og liggur í sveig í nokkurs konar göngum ofan í leirunni með framendann í öðrum enda gangsins og afturendann í hinum endanum. Ormurinn innbyrðir leðjuna (botnsetið) um framendann sem gengur síðan aftur úr honum við yfirborðið á leirunni.

Þegar bangið er á kafi rís það upp vegna lofthylkanna í banglönum og mynda þarabreiðurnar þá þéttan þaraskógo. Þaraskógorinn er afar mikilvægur sem heimkynni fyrir ýmsar lífverur, bæði plöntur og dýr, og veitir þeim skjól og næringi.

Af öðrum algengum burstaormum á leirunni má nefna leirupreifil (*Polydora quadrilobata*), fjölpreifil (*Polycirrus medusa*), lónaþreifil

(*Pygospio elegans*), mottumaðk (*Fabricia sabella*) og roðamaðk (*Scoloplos armiger*).

Aðrir fremur algengir hryggleysingjar á leirunni eru marflær (*Protomediea faciata*), sandskel (*Mya arenaria*), smyrslingur (*Mya truncata*) og hrukkubúlda (*Thyasira flexuosa*).

Leiruskeri (*Nereis diversicolor*), fjöruskeri (*Nereis pelagica*) og risaskeri (*Nereis virens*) eru allt stórir burstaormar en fremur fáséðir og sjást þá helst reknir á fjöru dauðir.

Prátt fyrir að botn Fossvogs sé ekki stór hefur fjölbreytni í botngerð og ríkulegt framboð á fæðu í för með sér að fuglalíf er þar allmikið. Fossvogslækur bætur lífsmöguleika fuglanna ennfremur, en jafnan er ylur í læknum þannig að ósinn helst oft íslaus á returna. Það kunna ýmsir fuglar að meta í frosthörkum.

Fossvogslögin

Í sjávarseti á fjörubakkanum fyrir norðanverðum botni Fossvogs finnast steingerðar skeljar og kuðningar. Fossvogslögin, eins og sjávarsetið er jafnan nefnt, eru um 11.000 ára gömul. Ofan á sjávarsetinu hvílir punnar jökulruðningur eftir skriðjökulinn sem síðast gekk fram Fossvogsdal fyrir nær 10.000 árum. Sjávarsetið hefur því myndast fyrir ísaldarlok.

Prátt fyrir að um forn, steingerð lindýr sé að ræða, lifa allar tegundirnar enn í dag við Island. Má þar nefna hallloku (*Macoma calcarea*), kúskel (*Arctica islandica*), smyrsling (*Mya truncata*) og nákuðung (*Thais lapillus*). Sjávarhitu hefur samkvæmt þessu verið svipaður á myndunarskeiði Fossvogslaganna og nú á tímum.

Fossvogslögin eru á náttúruminjaskrá og áhugavert að skoða þau en ekki má hrófla við þeim.



Grindhvalatorfa í Fossvogi 2. október 1934. Fossvogsbakkar í baksýn. Kaldal – Ljósmyndasafn Kópavogs.